




Mæla ✕

Lengd Svæði Hreinsa

---

7 1.18 km

# Greinargerð með umsókn um vegstyrk

Í landi Skóga og Hellu að Skoravíkurlá

05.11 2021

Skorra



# Staðsetning og saga

---

Vegurinn sem um ræðir er 1,2km kafli sem liggur frá Þjóðvegi 590 áleiðis í gegnum land Skóga og Hellna að Skoravíkurá.

Vegurinn eru leifar gamla héraðsvegarins um Skoravíkurmúla sem aflagðist um 1910 með tilkomu nýs Þjóðvegar í efri byggðum Fellsstrandar.

Vegurinn var tekinn af vegnúmeri fyrir allmörgum árum, eftir að landnámsjörðin Skoravík fór í eyði 1980. Vegurinn hefur ekki fengið mikið viðhald en settur var ofaníbúður í veginn eftir mikla vatnavexti sem urðu í Hellu læknum í september 2019 sem reyndist engan veginn nóg.

Sökum aukinnar umferðar um Fellströndina sem og markmiðum nýrrar landbúnaðarstefnu um að styðja við búsetu og búskap á landbúnaðarjörðum teljum við það brýnt að bæta aðgengi að þessum hluta Fellsstrandarinnar og jafnvel þó svo ekki sé nema út frá öryggissjónarmiði.



# Notkun vegar

Vegurinn er notaður af mismunandi aðilum;

Vegurinn liggur að lögbýlinu Skoravík sem til stendur að endurreisa, sumarbústaðarlandinu Skoravíkurlandi og eyðibýlinu Köldukinn.

Smölun og rekstur sauðfé fer fram í gegnum þessa leið að Skoravíkurmúla á þeim tíma sem mikil bleyta er í veginum.

Vegagerðin hefur notað veginn til aðkomu að Hellulæknum fyrir tankbíla.



Síðast en ekki síst hefur talsverð aukning orðið á skipulögðum ferðum ferðamanna að Skoravíkurlandi m.a. til að skoða fossinn Skugga.

Slys við Skoravíkurlandi og sinubruni í Skoravík (2010) hafa orðið þess valdandi að þurft hefur að koma að slökkviliðs og sjúkraflutningsbifreiðum á þessu svæði.



Í ljósi framansögðu má segja að öryggi og aðgengi að þessu svæði yrði bætt með þessum vegbótum



# Vegabætur

Nafn	Lausn	Kostnaður	Mynd
# 1. Barð norðan við Hellulæk	Jafna út barð vinstra megin við veg, gera rás fyrir vatn/frárennsli og hækka vegkafla til móts við grasbörð.	Gróft undirlag kæmi úr Hellulæk og millifínt efni úr landi Hellu eða landi Skoravíkur.  Vinna og tækjakostnaður 2 dagar, c.a. 400.000  Samtal 400.000	
#2. Ræsi á Hellulæk	Setja 100cm ræsi í Hellulækinn, hlaða grjóti ofan við læk og gróft og fínt efni sem ofaniburður	Ræsi c.a. 80.000 og vinna og tækjakostnaður í tvo daga 320.000.  Samtals 400.000	

# Vegabætur

Nafn	Lausn	Kostnaður	Mynd
# 3, 4 og 5 Sigdældir, vatnssöfnun	Setja 20 centimetra slefrur á þrjú staði til að hleypa frárennsli undir veg og c.a.40 rúmmetra (8 rmtr., 16rmtr og 16 rmtr.) millifínt ofanílág sem kemur úr landi Hellu/Skoravíkur	Slefrur c.a. 180.000 (60.000 stykkið)  Vinna og tækjakostnaður 1,5 dagur, c.a. 210.000  Samtals 390.000	Sjá stærri mynd i viðhengi 
#6. Mýri í landi Hellna	Setja 30cm ræsi til að veita vatni undir veg. Millifínt ofanílág	Ræsi c.a. 80.000 og vinna og tækjakostnaður 160.000.  Samtals 240.000	

# Viðhengi - Yfirlit



Barð við Hellulæk er stærst skemmdin á veginum og eru gróðurbörð að skemmast og stutt í að þessi vegkafli verði ófær nema betur búnum 4x4 bifreiðum. Aðgengi sjúkraflutninga og slökkviliðs er ekki lengur tryggt.

# Myndir

